



Til allra sveitarfélaga

Dagsetning  
Málsnúmer

**18. janúar 2024**  
IRN24010131

Innviðaráðuneytið er með til skoðunar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga hvort tilefni sé til að leggja til breytingar á lögum þar sem fjallað yrði um gjöld sem sveitarfélög innheimta nú á einkaréttarlegum grundvelli vegna skipulagsmála og lóðaúthlutana, sbr. tillögur starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði frá 19. maí 2022. Með lagasetningu yrði þá m.a. stefnt að samræmingu og auknu gegnsæi varðandi gjaldtöku vegna innviðaupbyggingar samhliða húsnæðisupbyggingu.

Til að hægt sé að leggja mat á áhrif mögulegra lagabreytinga af þessu tilefni er þörf á upplýsingum um hvernig álagning og innheimta gjalda er háttað hjá hverju sveitarfélagi.

Af því tilefni óskar ráðuneytið vinsamlegast eftir að sveitarfélagið taki saman og sendi ráðuneytinu eftirfarandi upplýsingar og/eða sjónarmið sveitarfélagsins. Óskað er eftir að upplýsingarnar berist fyrir 23. febrúar n.k. í netfangið [irn@irn.is](mailto:irn@irn.is).

1. Hefur sveitarfélagið innheimt á sl. fimm árum sérstök gjöld á grundvelli einkaréttarlegra samninga vegna þátttöku lóðarhafa í innviðagerð, vegna greiðslu lóðarhafa fyrir byggingarrétt eða önnur sambærileg gjöld, svo sem svokölluð innviðagjöld eða byggingarréttargjöld?
2. Hver var upphæð þessara gjalda á árinu 2023 (gjaldskrá), hvernig eru þau ákveðin og á hvaða gjaldstofn eru þau lögð?
3. Hefur upphæð gjaldanna verið birt almenningi og þá með hvaða hætti?
4. Hver var árleg heildarupphæð þessara gjalda sem sveitarfélagið innheimti á árunum 2018-2023?
5. Til hvaða verkefna hafa gjöldin verið nýtt á vegum sveitarfélagsins?
6. Hafa gjöldin verið fullnýtt á hverju ári í tengslum við framkvæmdir á opnum svæðum?
7. Önnur sjónarmið sem sveitarfélagið vill koma að í tengslum við mögulega frumvarpsvinnu.

Nánari upplýsingar veita starfsmenn ráðuneytisins, Sverrir Geirmundsson, [sverrir.geirmundsson@irn.is](mailto:sverrir.geirmundsson@irn.is) og Björn Ingi Óskarsson, [bjorn.i.oskarsson@irn.is](mailto:bjorn.i.oskarsson@irn.is).

F.h. ráðherra

Aðalsteinn Þorsteinsson

Björn Ingi Óskarsson